BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 511

# Samvinnufélagið Hreyfill

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

*Einkaskjalasafn nr. 511*

# Samvinnufélagið Hreyfill

Formáli

Samvinnufélagið Hreyfill var stofnað 11. nóvember 1943. Félagið stofnuðu 130 leigubílstjórar í Reykjavík og var tilgangurinn að reka bifreiðastöð, þar sem hver félagsmanna ætti sína eigin bifreið, þannig nyti hver einstaklingur arðsins af eigin vinnu í sem ríkustum mæli. Hugmyndina að stofnun félagsins áttu þeir Bergsteinn Guðjónsson, Ingjaldur Ísaksson og Þorgrímur Kristinsson. Fyrstu stjórn Hreyfils skipuðu þessir þrír félagar og var Bergsteinn formaður. Auk þeirra sátu í stjórn Tryggvi Kristjánsson og Ingvar Sigurðsson. Árið 1945 tók Ingjaldur við formennsku og gegndi henni nær óslitið til ársins 1970 eða lengur en nokkur annar í sögu félagsins.

Fyrstu árin var aðstaða Hreyfils við Kalkofnsveg, neðan Arnarhóls, en árið 1951 flutti félagið aðalaðsetur sitt á Hlemm. Hreyfilsmenn hófu húsbyggingarframkvæmdir undir starfsemi sína við Fellsmúla árið 1958 og þaðan er öll starfsemi félagsins rekin í dag. Þar eru nú til húsa bifreiðaafgreiðsla, skrifstofur, félagsheimili, bensínsala og bílaþvottastöð.

Margvísleg önnur starfsemi hefur ætíð verið á vegum Hreyfils. Pöntunarfélag Hreyfils var stofnað 1954 og menningarmál hafa Hreyfilsmenn ætíð látið til sín taka. Þeir gáfu út tímaritið Sleipni árið 1951 og Hreyfilsblaðið sem kom út á árunum 1963 til 1971.

Karlakór Hreyfils var stofnaður árið 1952 og Hreyfilskvartettinn starfaði á árunum milli 1960-1970. Árið 1949 var Knattspyrnufélag Hreyfils stofnað, en nafni þess var síðar breytt 1966 Íþróttafélag Hreyfils, Taflfélag Hreyfils var stofnað í febrúar 1954 og Bridsfélag Hreyfils árið 1967.

Sjá nánar frétt í Morgunblaðinu 11. nóvember 1993 á slóðinni
www.mbl.is/greinasafn/grein/115491/

*Afhending skjalasafns*: Sigurður Flosason 25. júní 2013 og í janúar 2016.
*Innihald:* Fundargerðabækur, bréf, bókhald o.fl.
*Tímabil:* 1950-1972

# Skjalaskrá

## Askja 1
*Fundargerðabækur 1949-1972*

Fundargerðabók Knattspyrnufélags Hreyfils (K.B.H.) 1949-1964.
Fundargerðabók Knattspyrnufélags Hreyfils (K.B.H.) og síðar Íþróttafélags Hreyfils 1965-1971.
Fundargerðabók stjórnar Knattspyrnufélags Hreyfils (K.B.H.) og síðar Íþróttafélags Hreyfils 1950-1972.
Fundargerðabók Knattspyrnufélags Hreyfils (K.B.H.) - knattspyrnuæfingar 1957-1963.
Fundargerðabók vegna vetrarstarfs Hreyfils 1960-1963.
Fundargerðabók ritnefndar Hreyfilsblaðsins 1968-1970.
Minnisbók 1957-1963.
Gestabók, gjöf frá Hvanneyringum til Knattspyrnufélags Hreyfils (K.B.H.) Mót Knattspyrnufélagsins Hreyfils og Taflfélags Hreyfils við Hvanneyringa 1949-1968.

## Askja 2
*Bréfa- og málasafn 1956-1959*

***Örk 1***
Bréfa- og málasafn 1956-1957, símskeyti, uppkast að samningi um útgáfu Hreyfilsblaðsins án árs, o.fl.
Lög Skáksambands Íslands frá 1956.
Lög Taflfélags Hreyfils frá 1957.

***Örk 2***
Bréfa- og málasafn 1958-1959, o.fl.

***Örk 3***
Bréf, lög, mót í skák 1960-1966 o.fl.
Umslag: Ljósmyndir, mynd merkt Steingrímur Aðalsteinsson, Óskar Jónsson, Magnús Norðdal og Anton Sigurðsson.

*Prentað mál*
Hreyfilsblaðið 6. árg. 1.-3. tbl. 1968, 7. árg. 1.-2. tbl. 1969, 8. árg. 1. tbl. og 9. árg. 1. tbl. 1971.
Sjöunda, tíunda og tólfta. einmenningsskákkeppni N.S.U.
Nordisk Sporvejs Skak 14. árg. 1. og 3. og 4. tbl. 1957, 15. árg., 1.-3. tbl. 1958 og 17. árg. 1. og 2. tbl. 1960.
Norsk Drosjeeierblad 46. árg. 1969 9. tbl., 47. árg. 1970 1. tbl., 4. - 9. tbl. og 12. tbl.
Lokal Trafikk 20. árg. 2. tbl. 1968.

## Askja 3
*Bókhald 1949-1972*

***Örk 1***
Reikningar og fylgiskjöl vegna Skákfélags Hreyfils.

Rekstrarreikningar Knattspyrnufélags Hreyfils (K.B.H.) 1949-1970 - bók.
Rekstrarreikningar Hreyfilsblaðsins 1963-1972 - bók.
Rekstrarreikningar ásamt meðlimum Taflfélags Hreyfils 1954-1966 - 2 bækur.
Ársreikningur N.S.U. 1957-1958.
Rekstrar- og efnahagsreikningur í desember 1957 fyrir Skáksamband Íslands.

**Askja 4**
Bréfa- og málasafn o.fl. 1949-1970

Listi yfir stofnfélaga í KBH 24. ágúst 1949 o.fl.
Bréf varðandi ritnefnd Hreyfisblaðsins 1965-1968.
Bréf varðandi ferð íþróttafélags Hreyfils til Svíþjóðar 1965-1966.
Yfirlit yfir knattspyrnukeppni vinnustaða Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils 1955.
Teikningar 3. stk. eftir R. Lár.
*Sleipnir*, Hreyfilsblaðið 1. árg., 2. tbl. 1951.
Reglugerð fyrir verðlaunagrip gefinn af Samvinnufélaginu Hreyfli til keppni í handknattleik milli fólksbílastöðvanna í Reykjavík 1963.
Skákmót 1969 og 1970.
Upplýsingabæklingur fyrir bifreiðastjóra til leiðbeiningar í starfi, án árs.
10. einmenningsskákkeppni NSU í Reykjavík 1968. Móti var haldið á vegum Taflfélags Hreyfils.
Reikningar 1965 og 1966.
Eyðublaðablokk. Sýnishorn.

Skráð í júlí 2013 og janúar 2016,
Jakobína Sveinsdóttir